

HEIMIR



IV. árgangur

WINNIPEG, 1907.

5. blað.



Einar Olafsson

EINAR ÓLAFSSON.

„Á daginn er tregandi dapurt mitt ráð.
En— draumurinn var svo fagur.“

B. D.

„En— draumurinn var svo fagur.“

Og einn slíkan draum dreymdi Einar í æsku; en svo höfðu örlaga-nornirnar lagt á, að ekki skyldi hann rætast.

Í seinni tíð virtist stefna jafnaðarmanna hafa tekið Einar föstum tökum.

Hann dreymdi annan fagran draum, sem sýndi honum inn á lönd þau, er sumir ætla séu lönd framtíðarinnar. Þar sá hann í hillingu sóllanda-fjöll fyllra frelsis og mannúðar, fagran, hlýjan og viðlendan heim— hugsýn jafnaðarmanna.

Og sannfærður um veruleik þess heims, þ. e. a. s., að þang að ynnist leiðin, lagði hann fram alt sitt fylgi til þess, að gera vegina þangað greiðfærari.

Margir hafa unnið að slíku um dagana og munu eins hér estir um ókomnar aldir; en hvort fyrirheitna landinu, eins og það birtist í draumunum fögru, verður nokkurn tíma náð, það veit enginn maður.

Fyrir sterkan vilja og heita umbótaþrá er sýnin lokkandi og hvetjandi til áframhalds. Og að svo hafi verið, þar sem Einar átti hlut að máli, um það held eg enginn efist, sem for-dómslaust les ritgerðir hans í „Baldri“.

Hitt er annað mál, hvort áköf barátta fyrir því, semi enn þá liggar í fjarlægðar-móðu ókominna alda, getur ekki verið óþörf, sunum að minsta kosti; hvort þeir eru ekki að eyða kröft-um og tíma til einskis, þegar þeir eru að fást við svo örðug við-fangsefni. Um það hygg eg geti orðið deildar skoðanir.

Það er svo hætt við því, þar sem löngun er heit og sterkur vilji, að fá einhverju afkastað, en möguleikinn er ekki að sama skapi, að vonin, um að draumurinn rætist, vanmagnist, og hugurinn verði dapur og tregandi,— að sóllandafjöllin hverfi í köldum eljum og júnísólin gangi til viðar og renni aldrei framar.

Pess oftar sem vonbrigði verða, þess ömurlegra og kaldara verður lífið þeim, sem fyrir þeim verður. Og fyrir þeim varð Einar seint og snemma.

Greindarmennirnir eru engan veginn sælustu mennirnir.— Þeirra sálarsvið er ekki þar, sem grasið er mest í búfjárhögnum.

Þeir gera flestir stórar kröfur til lífsins, máske stærri en svo, að sanngjarnt sé að vonast eftir upfylling þeirra.

Margt hefir Einar vel ritað, og margt skörulega talað; en oft var hugsunin nokkuð einsleg og ósveigjanleg. Og honum var, eins og Hallmundi, óljúft að láta draga taumana úr höndum sér.

Hann var ágætur liðsmaður, þar sem hann vildi vera það, og eg hygg, þó ekki sé eg því vel kunnugur, að fyrir hans forsgöngu hafi hér um eitt skeið unitara-félagsskaparmál ekki hætt að vera til.

Og vera munu þeir til, sem ástæðu hafa til að syrgja Einar sem sinn einlægasta, trúasta og bezta vin.

En orðheldni ástarinnar, loforð vonarinnar, réttlætistilfinning manna og—líflöngunin, það brást honum alt saman.

Þetta sá hann og las það svo greinilega út úr lífinu í kring um sig.—

Svo var þá að eins eitt eftir, það, að geta gleymt, og geta „aldrei framar dreymt“.

Kristinn Stefánsson.



Frjálslyndi í trúarbrögðum á Hollandi.

EFTIR SÉRA J. T. SUNDERLAND.

Holland er lítið land, og fyrir þá ástæðu er oss gjarnt að ímynda oss, að það sé þýðingarlítið land. En ef vér gerum það, skjálast oss stórlega. Að því er snertir framför heimsmenningarinnar og andlegs líts mannkynsins, er Holland eitt af hinum þýðingarmestu löndum heimsins. Motley hefir sýnt það mjög greinilega í bók sinni, „Upphaf hins hollenzka lýðveldis“, og öðrum ritum. En hann hefir samt ekki sagt frá öllu.

Hverjir eru hinir þýðingarmestu ávextir síðmenningarinnar? Ekki miklar bókmentir eða listir eða vísinda uppgötvunar, þótt þetta í sjálfu sé mikils virði. Ekki eru það hefur voldugar stjórnir með miklu hervaldi né mikil auðæfi. Miklu þýðingarmeira en alt þetta er þegnfrelsi og trúfrelsi. Án frelsis eru allir hlutir einskis virði. Með frelsi hljóta öll önnur lífsgæði að öðlast fyr eða síðar. Frelsið skapar sanna menn. Ekkert annað getur það. Bölvun ófreldisins, sérstaklega andlegs ófreldis, er í því innifalin, að það eydileggur manndóm. Hin bezta sönnun fyrir ágæti þjóðanna er ekki hvað þær hafa til umráða, heldur hvað þær eru. Þeirra sanna ætlunarverk er hin hæsta möguleg þroskun fólksins— allra þeirra, sem þjóðina mynda. En engin veruleg mannkynsþroskun hefir verið möguleg né getur orðið möguleg nema þar, sem þegufrelsi og trúfrelsi á sér stað.

Ef vér mælum þjóðirnar á þenna mælikvarða, hvar stendur þá Holland? Mjög framarlega. Eg er ekki viss um, nema að vér mættum segja, að það standi öllum löndum framari. Það hefir verið leiðtogi Evrópu á frelsisbrautinni. Þýzkaland kemst í engan samjöfnuð, og Frakkland er þremur öldum á eftir. Mikinn hluta þess, sem Frakkland afrekaði fyrir fólkisíð á síðari hluta nítjándu aldarinnar, framkvæmdi Holland aftur á sextándu öld. England var ekki einungis tvær aldir á eftir, heldur hlaut það að læra af Hollandi margar þær frelsiskenningar, sem nú eru mest metnar hjá ensku þjóðinni. Fyrir einni öld og

þriðjungi annarar byrjuðu Bandaríkin lífsferil sinn sem þjóð með þegnfreli og trúfreli sem sitt göfugasta þjóðareinkenri. Hvaðan höfðu þau fengið það? Vér höfum lengi verið blindir fyrir því, en nú erum vér farnir að sjá, að vér fengum það frá Hollandi, miklu fremur en frá Englandi eða nokkru öðru landi. Sviss kemst nær því en nokkurt annað land, að standa Hollandi jafnfætis sem brautryðandi frelsisins í stjórn og trúmálum. En jafnvel Sviss lagði ekki eins mikið í sölurnar fyrir frelsi sitt og Holland varð að gera. Og ekki voru heldur forlög þegnréttinda og trúfrelsis í Evrópu eins mikið undir frelsisbaráttu Sviss-lendinga konin og þeirri, sem Holland háði við Spán. Þegar Filippus annar byrjaði sína löngu stjórn í félagi við páfann, og með rannsóknarréttinn í þjónustu sinni, með þeim eina tilgangi að eyðileggja öll mótmælenda trúarbrögð, fyrst á Hollandi, síðan á Englandi og síðast um alla Evrópu, þá var það hìð óvinnandi fræga Holland mótmælendanna, undir forustu Vilhjálms af Óraníu, hins mesta og göfugasta stjórnmalamanns sextándu aldarinnar, sem sigraði hann, og þannig bjargaði þegnfrelinu og trúfrelinu í Evrópu, sem var óaðskiljanlegt frá Siðabótinni.

Hvað verður nú sagt um byrjun trúfrelsisins á Hollandi? Byrjunin er langt aftur á öldum, löngu fyrir daga Lúthers og Kalvíns. Trúfrelshreyfingunni á Niðurlöndunum má líkja við streng, undinn úr þremur þáttum, eða öllu heldur við á, sem myndast úr þremur smærri ám. Þessir þrír þættir eða sam-rennandi straumar þekkjast bezt í sögunni sem endurskíraratrúin (anabaptismus), únitaratrúin og guðspjalls mótmælenda trú (evangeliskur protestanismus). Hver þessara þátta er þess verður, að á hann sé minst út af fyrir sig.

Elzt er endurskíraratrúin. Á tímum Lúthers og tveimur öldunum næst þar á undan voru til á Hollandi og víðar menn og félög, sem höfðu ímugust á klerkavaldi og kreddukerfi róm-versku kyrkjunnar. Þeir efuðust um gildi trúarjátninganna og margra kenninga; þeir kröfðust einfaldari og óbrotnari guðs-þjónustu og lífernisi, ásamt rétti til að hugsa og álykta fyrir sig sjálfir. Þessir menn, þó þeir virtu bíblíuna mikils og héldu henni mejög á lofti, hlustuðu einnig á þá rödd, er talaði í þeirra

eigin sál. Þeir álitu, að rómverska kyrkjan væri horfin langt frá hinum upprunalega hreinleik og anda kristindómsins, og þeirra markmið var, að hverfa aftur til trúarbragða Krists og fyrstu fylgjenda hans. Stundum voru þessir menn kyrrir í kaþólsku kyrkjunni, en vanalega leituðust þeir samt við, að skilja sig frá henni. Þessir vantrúarmenn, félög og söfnuðir nefndust mörgum nöfnum. Einn flokkurinn, sem náði mikilli útbreiðslu á Hollandi á fjortándu öldinni, nefndist „Bræðralag hins sameiginlega lífs.“ Bræðralag þetta hafði mörg félög og kyrkjur. Meðlimir þess voru alþektir fyrir guðrækni, óbrotna lífshætti og þá miklu rækt, er þeir lögðu við uppfræðslu; með því að stofna skóla hvar sem þeir fóru. Fyrir áhrif þeirra batnaði alþýðumentun stórum á Hollandi strax á fimmtíðu öld. Thomas a Kempis, höfundur hinnar frægu bókar, „Í líkingu Krists“, var meðlimur þessa félagsskapar. En flokkur sá, sem stendur sögulega langfremst, voru þó endurskírararnir (anabaptists), sem voru svo nefndir vegna þess, að þeir könnuðust ekki við, að ungbarnaskírn væri gild, og skírðu þá aftur, sem gengu í flokk með þeim. Þessi trúflokkur gerði vart við sig í því næri öllum löndum Evrópu. Hjá þeim þroskuðust margar ólíkar skoðanir í hinum miklu hugsana umbrotum, sem þá áttu sér stað hvertvæna. Sunir þeirra urðu ofstækismenn, bæði í trúarbrögðum sínum og þjóðfélagsskipulagshugmyndum, þeir stæðu sig af nýrri yfirnáttúrlegrí opinberun, boðuðu afturkomu Krists og endir þessa heims. Þeir höfðu allar eignir sameiginlegar, og skoruðu á stjórnendur að ganga í félag með sér, og hótuðu þeim valdamissir að öðrum kosti. Í bænum Munster gerðu þeir fleirkvæni að trúarbragðaskyldu. Þetta ofstæki kom óorði á alla hreyfinguna, og átti þátt í því, að skapa óvild gagnvart henni, sem sagnavísindi nútímans eru að eins byrjuð að útrýma. Í raun og veru var mikill meiri hluti endurskíraranna á Hollandi og víðar í Evrópu vanalega alveg lausir við ofstæki. Þeir voru einlægir, alvörugefnir og göfugt hugsandi menn, sem voru síð ferðisleg fyrirmund annara manna. Tilgangur þeirra var, að útbreiða hreinni og sterkari trú en þá, sem vanalega var að finna á meðal fólksins. Að nokkru leyti voru þeir hreintrúar-

menn (púrítanar) síns tíma, þeir voru einnig að nokkru leyti dultrúarmenn (mystíkar) og friðarhyggjendur (quietistar). Þeir voru mótfallnir hernaði, andmæltu dauðarefsingum og neitum að vinna eiða. Þeir vildu engin afskipti hafa af ríkiskyrikjum, guðsbjónustur þeirra voru einfaldar, og hver söfnuður stjóráði sér sjálfur. Þeir lögðu mikla áherzlu á trúarlíf einstaklingsins, og margir þeirra hneigðust að þeirri skoðun, að sannleikurinn opinberaðist einstaklingnum í hans eigin hugsun. Nokkrir þeirra hneigðust að únitariskum skoðunum, eins og bent verður á seinna. Hvað umburðarlyndi í trúmálum viðvíkur, voru þeir langt á undan samtíð sinni. Þeir viðurkendu, að öðrum bari hugsanafrælsi það, sem þeir gerðu sjálfir kröfur til.

Þessir fyrstu endurskírarar liðu því nær undir lok í ofscíkrum þeim, sem þeir urðu fyrir, fyrst af hálfu kapólsku kyrkjunnar og síðan af kyrju Lúthers og Kalvíns. En þeir höfðu samt ekki lifað til einskis. Þeir höfðu gert mikið til þess að búa í haginn fyrir hina miklu mótmælenda siðbót, og þegar hún komst á, voru þeir bezti efniðurinn, sem hana myndaði; og þeir eftirskildu að nokkru leyti einkenni sín í Mennónítunum á Hollandi og þýzkalandi, sem voru eftirkomendur þeirra, og í Kvekurunum á Englandi og í Ameríku, sem eru andlegir afkomendur þeirra, og nútíðar Baptistum hafa þeir að minsta kosti eftirskilið safnaðafyrirkomulag sitt og sína sterku sjálfstæðisþrá.

Vér megum ekki blanda endurskírurunum við únítara, og þó er það áreiðanlegt, að margar únítariskar trúarskoðanir broskuðust á meðal þeirra. Sögulegar sannanir fyrir því finnast víða. Sem dæmi má nefna Davið Jovis endurskírnarpredikara, sem var fæddur í Delft 1501. Hann sagði að það væri til að eins „einn guð, einn og óskiftilegur“ og „þvert á móti starfsemi guðs í allri sköpuninni, að játa þrjár persónur guðdómsins, eða að þrír séu að eins einn, eins og kent er í trúarjátningu Athanasíusar.“ Í endurskírara kyrkjunni í Emden var kennari að nafni Adam Pastor, sem var bannfærður fyrir skoðanir sínar á móti þrenningarkenningunni. Árið 1551 var læknir að nafni George von Paris, sem tilheyrði hollenzku endurskírurunum og hafði farið til London, brendur í Smithfield fyrir villutrú sína,

sem var sú, að hann neitaði þrenningarkenningutni. Þeð er til sagnir af mörgum atburðum þessum líkum. Professor Banet Maury, sem er manna bezt að sér um þessa hluti, segir: „Endurskírararnir líktust að mörgu leyti únítörum. Hvorirtveggju tóku ritninguna framyfir erfðakenningarnar, eins og þeim var haldið fram af páfunum. Hvorirtveggju hugsuðu sér gagngerð umbót á kyrkjunni, og vildu afnema alla síði og kenningar, sem ekki voru auðsjáanlega bygðar á bíblunni. Hvorirtveggju voru mótfallnir hinum yfirkilvitlegu trúardeilum, og höfðu sēmu mætur á síðferðismálum og því sem snerti mannlifð. Hvorir tveggju álitu, að það, sem gerði manninn kristinn, væri líferni hans, en ekki trúarkreddur. Flestir endurskírarar neituðu með únítörum rétttrúnaðarkenningunni um holdtekju, þó sumir væri þeir þrenningartrúar.

Unitariskar skoðanir urðu einnig til á öðrum stöðum. Sunnar áttu rót sína að rekja til annara landa en Hollands. Rit slíkra brautryðjenda únitariskrar trúar, sem Mikael Servitusar, spánverjans, sem Kalívn lét brenna í Genf, og Faustus Sociusar frá Ítalíu, sem únitariska hreyfingin á Póllandi var nefnd eftir, bárust til Hollands, og voru lesin af mörgum.

Einnig verður að geta Erasmusar, eins hins frægasta fræðimanns Hollendinga á síðabótartímabilinu. Erasmus var álitinn af mörgum andstæðingur þrenningarkenningarinnar, og var það tilefni til hatus og vantrausts. Hver skoðun hans var í því efni, er í rauninni ómögulegt að segja um. Hann játaði sjálfur að hann væri þrenningartrúarmaður, samt sem áður verður því ekki neitað, að í sumum ritum sínum styður hann mjög únitariskar skoðanir, og var þannig skilinn af mörgum samtíðarmönnum sínum. En hvað sem því líður, hafði hann mikil áhrif í frjálslyndisáttina. Hann útbreiddi þekkingu og mælti með rannsókn í öllu og umburðarlyndi í trúmálum; og hið grískra nýja testamenti hans átti meiri þátt en nokkur önnur bók í því að auka álit kristinna fræðimanna á síðbótinni.

Holland er nógú nálægt Þýzkalandi og Sviss, og samband þess við bæði þessi lönd var svo náið á sextándu öldinni, að hinar stóru trúarumbóta hreyfingar, sem þar áttu upptök sín.

undir forustu Lúthers, Zwinglis og Kalvins, gerðu óðara vart við sig hjá hollenzku þjóðinni. Þessar hreyfingar náðu miklu skemra, hvað frjálslyndi snerti, heldur en endurskírara og únítara hreyfingarnar, en samt sem áður voru þær mikil umbót á trúarbrögðum kaþólsku kyrkjunnar. Það er meira að segja líklegt, að þær hafi gengið eins langt í áttina til frelsis og frjálslyndis, og nokkur umbótahreyfing á þeim tíma gat gert, ef hún átti að hafa marga og stöðuga fylgjendur.

Áhrifin komu fyrist frá Lúther. Gáfað og frelsisgjarnit fólk, eins og Hollendingar, hlaut að verða hrifit af hugmyndum hans og dirfsku. Það kom brátt í ljós, að Holland mundi verða mótmælenda megin, og að Lútherstrúin mundi að öllum líkindum ryðja sér þar til rúms. En seinna bárust skoðanir Zwinglis frá Sviss, og margir hölluðust að honum í atriðum, er hann greindi á við Lúther. En lítið eitt seinna fóru rit Kalvíns að koma í ljós með sína sterku röksemadafærslu og óvild til páfadómsins. Þau unnu meira á en bæði Lúther og Zwingli, og eftir fá ár var Kalvínstrúin, eða það sem kallað hefir verið hin endurbætta mótmælendatrú, viðtekin af miklum meiri hluta fólks á Hollandi.

Þetta var trú Vilhjálms af Óraníu og flestra þeirra, sem háðu hið langa og hræðilega stríð, er gerði Holland að frjálsu landi í trúarbragðalegu tilliti.

Umburðarlyndi var næstum ópekt á siðabótaröldinni.— Rómverska kyrkjan hafnaði því, og fylgjendur Lúthers og Kalvíns sýndu það sjaldan. Hvorirtveggju voru næstum því eins strangir og kaþólska kyrkjan í því, að ofsækja vantrúarmenn. Ef vér viljum finna umburðarlyndi haldið fram af flokkum manna, verðum vér að fara til endurskíraranna og únítaranna. Þeir kendu það sem meginreglu, og fylgdu því vanalega fram, þó ekki altaf. Einnig voru til einstaklingar tilheyrandi öllum kyrkjum, jafnvel hinni kaþólsku, og einstaklingar, sem engri kyrkju tilheyrdú, sem mæltu fastlega fram með umburðarlyndi. Eins og vér höfum séð, var Erasmus einn þeirra. Margir aðrir voru á Hollandi. Vilhjálmur af Óraníu kendi það og sýndi með dæmi sínu á hinn göfugasta hátt. Aðrir miklir hollenzkir

leiðtoga, eins og Barneweldt og John de Witt, gerðu hið sama. Fólkið fylgdi ekki æfinlega dænum þessara leiðtoga sinna, en samt mun hafa verið meira umburðarlyndi og trúarbragðafrelsi á Hollandi á sextándu og seytjándu öld en í nokkru öðru landi, Sviss jafnvel ekki undanskilið. Enskir presbyteranar og frakkneskir húgenottar fundu hæli á Hollandi, og sömuleiðis gyðingar frá mörgum löndum Evrópu. Vantrúarbækur, sem ekki var leyft að gefa út í öðrum löndum, voru gefnar út á Hollandi. Tyndalls þýðing af nýja testamentinu var bannað að prenta á Englandi, var hún þá prentuð á Hollandi og flutt leynilega til Englands. Það er eftirtektarvert, að Locke bæði ritaði og gaf út á Hollandi rit sitt, „Bréf viðvíkjandi umburðarlyndi“, vörn fyrir umburðarlyndi á Englandi. Þegar að ensku háskólanir voru lokaðir fyrir öllum, sem ekki játuðu sig fylgjendur ríkiskyrkjunnar, buðu hollenzku háskólanir velkomna alla löghlýðna sannleiksleitendur, hverrar trúar sem þeir voru og hvaðan sem þeir komu.

Eins og vér höfum séð hneigðist mestur hluti hollenzku þjóðarinnar að Kalvínstrúnni, eða hinni svo kölluðu endurbættu kyrkju. Hvað langt náði hennar frjálslyndi? Viðvíkjandi kyrkjastjórn var hún töluvert frjálslynd. Hún hafði enga presta stétt og enga kyrkjulega harðstjórn eins og rómverska kyrkjan. Hún meira að segja neitaði öllu þessháttar. Þó að hún hefði ekki algjört safnaðarveldi, gaf hún samt fólkini sjálfu mikið vald. Regla hennar var þessi: „Allir eru kongar og prestar í guðs augum, fátækir jafnt sem ríkir, leikmenn sem klerkar.“ En þegar vér snúum oss frá kyrkjastjórninni og að guðfræðinni þá var endurbætta kyrkjan fjarri því að vera frjálslynd. Samt sem áður snéri hún í áttina til meira frjálslyndis, vegna þess að hún var grundvölluð á bíblíunni, sem öllum var boðið að lesa og rannsaka fyrir sjálfa sig. Hversu mikil framförin hefir verið frá sextándu öldinni til hinnar tuttugustu, munum vér sjá smám saman.

Hin fyrsta þýðingarmikla framfarahreyfing í kyrku þessari átti sér stað í byrjun seytjándu aldar. Það var upphaf hinnar svo kölluðu Arminíusar trúar. Sú hreyfing mótmælti kenning-

um Kalvíns um útvalningu og fyrirhuguð forlög. Arminíus var nafnkendur prédikari í Amsterdam og síðar kennari í guðfræði við háskólann í Leyden. Hann mótmælti þessum kenningum sem óréttlátum og guði ósaniboðnum og eyðileggjandi fyrir hinn frjálsa vilja mannsins. Hann kendi það sem nefnt hefir verið skilyrðum bundin útvalning, að Kristur hefði ekki dáið fyrir fáa útvalda, heldur tyrir alla menn, og að hver sem vilji geti veitt honum móttöku og frelsast. Þó undarlegt megi virðast vakti þessi kenning Arminíusar áköf mótmæli. Alt umburðarlyndi gleymdist um tíma. Mótstöðumenn hans reyndu að fá hann rekinn frá háskólanum; þeir sem völdin höfðu, vildu ekki láta að vilja þeirra í því. En eftir dauða hans, sem ekki var langt að bíða, var fylgjendum hans stefnt fyrir kyrkjuping og sakfeldir þar. Tvö hundruð prestar, sem fylgdu skoðunum Arminíusar, voru gerðir rækir úr kyrkjunni.

En þó að hreyfingin virtist vera sigruð að fullu, var hún samt ekki útdauð. Út frá henni reis skjótlega „Hollenzka mótmælenda kyrkjan“, sem hefir alt af haft mjög sterkt áhrif til frjálslyndis á Hollandi, þrátt fyrir fáa meðlimi. Og það, sem er enn þá þýðingarmeira, er, að hugmyndir Arminíusar og guðfræðisskoðanir hafa útbreiðst og haft mjög mikil áhrif í öðrum löndum utan Hollands. Það hefir lengi verið hin ráðandi guðfræðisstefna ensku kyrkjunnar. Það er guðfræði allra Meþódista kyrkna í heimi. Það hefir breytt Kalvínstrúnni alstaðar, og hefir víða leitt til enn þá meira frjálslyndis.

Hugo Gratius, sem var uppi samtímis Arminíusi, starfaði mikil fyrir skynsamleg og síðferðisleg trúarbrögð á Hollandi og viðar, bæði með sínum upplýsandi ritum um biblíuna og guðfræði, og hinni frægu bók sinni, „Réttindi á ófriðartímum og friðartímum (De Jure Belli et Pacis), sem lagði grundvöllinn að nútíðar milliþjóða lögspeki. Andrew D. White, nafnkendur stjórnmalamaður í Bandaríkjunum, sagði, er hann stóð við grøf Gratíusar 1899? „Af öllum ritum, sem ekki hafa verið álitin guðlega innblásin, hefir sú bók verið mannkyninu til mestrar blessunar.“ Bók þessi kom tvennu afarþýðingarmiklu til leiðar. Hún sýndi, að réttur og sannsýni takmarkast ekki

af landamerkjum þjóðanna; að hin gullna regla hefir gildi fyrir þjóðir og stjórnir engu síður en einstaklinga. Og hún sýndi einnig það, sem ekkert annað rit hafði áður sýnt, að hinn verulega grundvöll allra réttinda væri hvorki að finna hjá kyrkjunni eða í bíblíunni, heldur í mannsins eigin eðli sem samfélags-gjarnrar veru. Þetta kom sér mjög illa fyrir alla kreddu og kyrkjutrú, en fyrir trúarbrögð þau, sem lögðu aðaláherzluna á síðferði og hið verulega líf, var það hinn mesti hagur.

Fjörutíu árum eftir Arminíus og Gratíus hafði Spinoza, sem var gyðingur, stórkostleg áhrif til frjálslyndis í trúmálum, ekki einungis á Hollandi heldur og um alla Evrópu, með hinum afar merkilegu heimspekisritum sínum.

Fyrir utan hreyfingu þá, sem ber nafn Arminíusar, átti sér engin stór framfarahreyfing stað í guðfræði á Hollandi, þar til um miðbik nítjándu aldarinnar, samt sem áður hefir yfir höfuð að tala stöðug kyrlát framför átt sér stað. Orsakir þær, sem hafa valdið framför þessari, hafa að mestu leyti verið þær sömu og hafa framleitt samskonar framför í öðrum löndum, aðallega almenningsmentun, útbreiðsla nýrra hugsana frá einu landi til annars með auknum viðskiftum, ferðalög og bækur, framför vísindanna, bíblíu og trúar rannsóknir í háskólunum, og frelsis og rannsóknar andi sá, sem hvervetna er að finna í heimi nútímans.

Hollendingar voru hin fyrsta þjóð, er setti á stofn fræðslu í samanburðar trúfræði í háskólum sínum. Hún hefir dregið hugi margra að hinum miklu trúarbrögðum heimsins öðrum en kristindóminum, og leitt af sér frjálslyndi og viðsýni. Hollenzku háskólnir hafa framleitt marga fræga guðræðinga, og meiri hlutinn af þeim hafa verið frjálslyndir. Sérstaklega hefir háskólinn í Leyden verið ljós, sem hefir sent birtu sína ekki einungis yfir Holland, heldur einnig önnur lönd. Hin viðtæku áhrif hans sjást bezt af því, að á seytjándu öldinni innskrifust meira en 2000 enskir námsmenn við hann. Niebuhr sagði um hann, að hann væri hin minnisverðasta mentastofnun í Evrópu. Háskóli þessi var stofnaður af Vilhjálmi af Oransu í launaskyni við íbúana í Leyden fyrir þeirra hraustu vörn, þegar

Spánverjar sátu um bæinn. Hann hefir nú í þrjár aldir verið aðalaðsetur frjálsra trúarskoðana á Hollandi og máske aldrei betur en einmitt nú. Það væri ekki of mikið að segja, að enginn nútíðar fræðimaður hafi gert meira til að gefa fólk skynsamlegan skilning á uppruna og þýðingu gamla testamentisins, heldur en Dr. Kuenen í Leyden. Starf þeirra prfessoranna Tiele, Scholten, Oort, Opzoomer Eerdmans og De la Saussage hefir einnig haft mjög mikla þýðingu fyrir útgreiðslu trúarlegs frjálslyndis.

Íbúatala Hollands er nær hálf sjötta millión. Nokkuð yfir þrjá fimmu hluta íbúanna eru mótmælendur, hinir eru kaþólskir og gyðingar. Langstærst allra mótmælenda kyrkna er hollenzka endurbætta kyrkjan, sem þar til í byrjun nítjándu aldarinnar var ríkiskyrkja. Nú er engin ríkiskyrkja á Hollandi, allar hafa jöfn réttindi og fullkomið frelsi. Auðvitað býst enginn við miklum framförum í kaþólsku kyrkjunnini, samt sjást þess merki, að jafnvel þar er hærri kritíkin að ryðja sér til rúms á meðal hinna gáfaðri manna. Það er í mótmælenda kyrkjunum, sem vonast má eftir frjálsum trúarbrögðum í framtíðinni.

Um miðja síðustu öld fór að votta fyrir framfara hreyfingu í trúmálum, sem sýndist vera mjög sterk og líkleg til, að mikið mundi af henni leiða; hún snerti að meira eða minna leyti alla mótmælenda flokkana. Hreyfing þessi varð þekkt undir nafni „Nútíðarhreyfing“, og þetta nafn hefir síðan fest sig við frjálslynda flokkinn á Hollandi. Þeir, sem þessum flokki fylgja, hafna öllum orþodoxum trúarjátningum, í sannleika öllum trúarjátningum eða hverju því, sem miðað getur til þess að hefta frjálsa rannsókn og hugsana frelsi. Tilgangur þeirra er hvorki sá, að byggja upp neinar vissar kenningar eða kyrkjustofnanir né heldur sá, að brjóta niður; hann er síðferðislegs og andlegs eðlis. Einn hinn bezt þekti leiðtogi þeirra hefir lýst trú þeirra í stuttu máli með þessum orðum: „Trú á lifandi guð, föður allra manna, hvers andi lifir í hjörtum allra hans barna, og sem ber að þjóna samkvæmt meginatriðunum úr kenningum Jesú.“ Það þarf naumast að benda á, að þessi trú er í fullu samræmi

við hina frjálsu kristnu trú á Englandi og í Ameríku, eins og hún er kend á meðal únitara-og úniversalista.

Þessi nútíðarhreyfing breiddist mjög út á tuttugu og fimm árum, frá 1850 til 1875, en síðan hefir hún orðið syrir megnri mótsprynu, og hefir því orðið lítið ágengt.

Yfir höfuð eru asturhaldsmenn í meiri hluta um alt land, en sá meiri hluti er sterkestur á meðal hins fáfróðasta hluta fólksins, og minkar eftir því sem þekking eykst. Hinir frjálslyndu eru vongóðir. Þeir sjá að starfsemi sú í trúarlegri upplýsingu, sem þeir hafa með höndum, er ekki fárra ára starf, heldur tekur marga mannsaldra. Próf. Eerdman í Leyden segir: „Eg álit að á þessari öld muni mikil framför til frjálsrar trúar eiga sér stað á Hollandi.“

Í þrjátíu ár eða meira hafa fylgjendur „Nútíðarhreyfingarinnar“ haft félag með sér, sem er kallað „Mótmaðlendasameining“ (Protestantenbond). Tilgangur þess er, að sameina frjálslynda hugi úr öllum kyrkjum og með því að efla frjálslyndi. Meðlimatala þess samanstendur af einstaklingum en ekki af kyrkjum. Árið 1901 var meðlimatalan 18,500, og undirfélög í 157 stöðum. Sameiningin heldur ársfundi í stærstu bæjum landsins. Í ár var fundurinn haldinn í Groningen, í maí, og er sagður að hafa verið fjölmennur og áhugamikill.

Það er einnig annað félag til, sem hefir svipaða stefnu, en er bundið við endurbættu kyrkjuna. Það nefnist „Evangeliska félagið“, en því hefir lítið orðið ágengt. Nýlega hafa „Fylkisambönd svokölluð verið sett á fót í nokkrum fylkjum, og kváðu sum þeirra vera í talsverðum uppgangi.

Hinn stærsti erviðleiki, sem frjálslyndir menn á Hollandi hafa við að berjast, er, að þeir eiga mjög fáa söfnuði; þeir tilheyra víðast hvar sömu kyrkjum og hinir orþodoxu. Í söfnuðum, þar sem að meiri hlutinn er asturhaldssamur, eru kosnit afturhaldssamir prestar, og hinir frjálslyndu verða þá að fara mis við prédikanir og trúaruppfræðslu barna, sem þeir æskja eftir. Nú er mjög mikið um það rætt, hvort ekki mundi heppilegra að stofna sérstakar frjálslyndar kyrkjur, þar sem það er mögulegt.

Að endingu vil eg minnast á það, sem Ameríka á Hollandi að þakka í þessu efni. Mikið af því er innifalið í ritum fræðimanna, því jafnvel hvergi hafa bækur slíkra leiðtoga í frjálslyndi og þekkingu sem Kunens, Scholtens og Thiels verið jafnvel metnar, og haft jafnmikil áhrif og hér í Ameríku. En hér er ekki alt upptalið. Ameríkumenn geta aldrei gleymt því, að fyrstu landnámsmenn Ný-Englands, er stigu á land í Plymouth, höftu notið tólf ára varðveislu í Hollandi, eftir að þeir voru með ofsóknun hraktir burt af Englandi. Ekki mega heldur únítarar eða aðrir, sem trúfrelsi og þegnfrelsi unna, gleyma þeim arfi frelsis, víðsýnis og umburðarlyndis, sem þeir fluttu með sér frá Hollandi og gáfu afkomendum sínum hér. Ekkert er eftirtakanlegra í sögu Ameríku en sá munur, sem var á þessum mönnum, sem settust að í Plymouth, eftir að hafa lært af hinni frelsisgjörnu og umburðarlyndu hollenzku þjóð, og púrítónunum, sem komu seinna frá Englandi og settust að við Massachusetts flóann. Umburðarlyndisleysið gerði snemma vart við sig í Ný-Englandi, og hafði illar afleiðingar í för með sér. Margir, sem áður höfðu verið ofsóttir á fósturjörð sinni, ofsóttu nú sjálfir í hinu nýja heimkynni. En það voru að eins púrítarnir, sem komu beint frá Englandi, er ofsóttu. Hinir, sem höfðu orðið fyrir öðrum áhrifum á Hollandi, gerðu sig aldrei seka um það, né heldur afkomendur þeirra.

Frjálslyndisanda þann, sem þeir höfðu fengið, létu þeir koma fram í kyrkjustjórn sinni. Þeir sameinuðu sig ekki um neinar trúarjáningar, heldur um sáttmála, sem voru svo frjálsir og óbundnir, að þeir ekki hindruðu nýtt ljós og framför. Mikið af hinni síðari Ný-Englands únítaratrú má rekja beinlínis til manna, sem komu frá Hollandi með þessum fyrstu landnemum eða nokkru seinna. Plymouth kyrkjan er núna únítarisk, og heldur samt hinum upprunalega sáttmála sínum. Hversu langt befir ekki ljós hugsunarfreldisins, sem var kveikt á Hollandi, náið að skína.

Að síðustu er það eftirtektarvert, að á annan mjög ólískan hátt, en einnig mjög þýðingarnikinn, eiga únítarar í Ameríku landi Vilhjálms af Óraníu, Gratíusar og Kunens mikið að þakka.

Það var hr. Huidekoper, hollenzkur únítari, sem 1844 stofnaði í Meadville í Pennsylvania guðfræðisskóla, þar sem í rúm sextíu ár mikill hluti únítariskra presta í Ameríku hafa fengið mentun sína.

G. Á þýddi.



Flokksfylgi.

Það hefir oft verið sagt um oss Íslendinga, að vér værum sundurlyndisgjarnir, og léturnum flest verða oss að deiluefnum. Einmitt vegna þess, hve oft þetta er sagt, hefir það vaðalaust einhvern sannleik að geyma. „Sjaldan lýgur almannarómurinn,” segir máltaekið; og því síður er ástæða til að ætla, að hann ljúgi í þessu efni, þar sem flestir munu álita þessa sundurlyndis-tilhneigingu óhappa einkenni. Það er sagt að flokkadrátturinn gangi óvíða lengra en hjá oss. Og það sem verra sé, að flokksfylgið eintómt ráði oft og einatt mestu um afstöðu vora gagnvart mönnum og málefnum. Í rauninni er það mjög vel skiljanlegt, hvers vegna svo er. Flokkaskiftingin er svo að segja ný hjá oss. Það er tiltölulega skamt síðan, að vér fórum að skiftast í flokka, sem héldi fram andstæðum skoðunum í nokkrum málum.

Reynslan sýnir, að þegar einhverjar nýjar skoðanir fara að ryðja sér til rúms hjá einhverri þjóð, verða fylgjendur hennar að gerast flokksmenn fyr eða síðar. Þeir verða að mynda flokk, sem haldi fram hinni nýju skoðun og verji hana fyrir árásum frá þeim, sem henni eru óvinveittir. Slíkar flokksmyndanir eru í alla staði eðlilegar, því þeir, sem líkastar skoðanir hafa, finna til skyldleikans sín á milli, sem kemur þeim til að sameina sig. En við það að halda sínum skoðunum fram, mæta þeir mótsprynu, sem aftur leiðir til mótsprynu frá þeirra hendi, en þar sem að bæti

sókn og vörn verða að eiga sér stað, er hætt við að saingirninnar verði aldrei eins vel gatt og skyldi. Hlíd sama á sér einnig stað á þá heimina, sem ver gamlar og viðteknar skoðanir fyrir hinum nýju. Sú hlídin sér nýjan óvin í hverju því, sem á einhvern hátt getur dregið athygli manna frá þeim skoðunum, sem hún álitur réttar, og komið þeim til að aðhyllast eitthvað annað. Hún ver þessvegna sínar skoðanir og fer jafnframt að sækja fram gegn því, sem þeim getur stafad hætta af. Munurinn á hvaða aðferðum er heitt, er einatt sáralitill, nema hvað sú hlídin, sem ver hinari eldri og viðteknu skoðanir vanalega sýnir minna umburðarlyndi. Barátan á milli flokkanna er hörðust fyrst. Þá er ákafinn mestur. Alt nýtt er aegilegast fyrst í augum hins afturhaldssama, eins og þess, sem sér ofsjónir í þokunni. Og þeir, sem nýjar skoðanir aðhyllast, eru oft harðastir á fyrsta sprettinum. En auk þess sjá menn einatt, þegar frá líður, að þeir eru í rauninni ekki eins miklir anilstæðingar og þeir álitu í fyrstu þegar þeim bar eitthvað á milli. Stundum fer líka svo, og það er langeðlilegast, að hinir anilstéðu flokkar leggja niður ófrið og deilur, og halda hver fram sínum skoðunum á friðsamlegan hátt. En þetta getur aldrei orðið strax í byrjun. Það eru engin dæmi til þess að þar, sem nýir flokkar hafa myndast, hafi ekki mótspryrna af einhverri tegund og deilur við hina eldri átt sér stað. Það er þessvegna ekkert undarlegt, þó að sú hafi orðið rauðin á hjá oss íslendingum, og það því fremur sem það mun vera satt um oss yfirleitt, að vér vinnum það ekki fyrir friðinn og eininguna, að halda skoðunum vorum leyndum, hverjar sem þær kunna að vera.

En þó að flokksbaráttan hætti og friðsamlegt samkomulag komist á, hætta flokkarnir ekki nauðsynlega fyrir það að vera liver öðrum ólikir, hvað stefnur og skoðanir snertir. Það er ekki nauðsynlegt að hafa sömu skoðanirnar og nágranni manns hefir til að geta litið hann réttu auga. Mikil af flokkadeilum eru sprottnar af því að menn eru svo tregir að láta sér skiljast, að þó að þeir séu ekki sammála um alt, geti þeir þó verið sammála um sumt, og það án þess að gefa nokkurn hlut eftir af skoðunum sínum fyrir öðrum. Hver rétthugsandi maður leitast þessvegna við að hafa frið

við þá, sem ekki hugsa eða trúa eins og hann, að svo miklu leyti sem honum er unt, en heldur samt sínum skoðunum altaf fram og ver þær, ef á þarf að halda. Í rauninni getur baráttan á milli andstæðra sk ðina aldrei horfið, svo lengi sem þær eru til, en hún breytist þannig, að í staðinn fyrir flokkariginn kemur sanngjörn rök-eindafærzla og skynsamleg vörn skoðananna. Það má líkja baráttu skoðananna í hugheimi vorum við það, sem visindamennirnir kalla estirlifð hins hæfasta í náttúrunni. Sú skoðun eða stefna lífir óilega lengst, sem bezt getur tilsvarað kröfum tímans, hinum astur á móti, sem gera það alls ekki eða illa, deyja og hverfa. En þessi baráttu er ekki innifalinn í flokkastríði eintómu. Þó það eigi oft og einatt rót sín að rekja til hennar.

Nú á síðari árum hafa einstöku raddir heyrst í þá átt, að flokkar þeir á meðal vor Vestur-Íslendinga, sem mismunandi skoðanir hafa, ættu að standa í friðsamlegra sambandi hver við annan, en bingað til hefir átt sér stað. Sérstaklega hefir þetta verið talad til trúarflokkanna. Því verður ekki neitað, að deilur og flokkadráttur hafa átt sér stað meira en góðu hófi gegnir síðan fyrst að flokka skifting varð í trúmálum. Og vaðalaust hefir mikil af því verið Láðum málspörtum fremur til ógagns en gagns. Margir stanla nú utan við al'a söfnudi og vilja ekkert skifta sér af neinni trúmála-starfsemi að eins vegna þess, að þeim hefir virzt samkomulag þessara tveggja trúflokka, sem hér eru á meðal Íslendinga, vera alt annað en það atti að vera. Það má vel vera, að slikt atti ekki að aftra mönnum frá að fylgja því, sem að sannfering þeirra segir þeim að þeim beri helzt að fylgja, en þó er það éneitanlega mikil afsökun fyrir hvern þann, sem ekki finnur sterka hvöt hjá sér til að fylgja einhverri sérstakri stefnu.

Sjálfsagt þykir öllum sannsýnum mönnum vænt um þessar friðarraddir, hvaðan sem þær koma. Allir þeir, sem eru nóg til sannsýnir til að viðurkenna, að hver maður eigi rétt á að hafa þær skoðanir í trúmálum, sem honum virðast sannastar og beztar. Bljóta að viðurkenna, að alt flokkshatur út af mismunandi skoðunum er algerlega ósamboðið þeim umburðarlyndisanda, sem nú ríkir viðast hvar í hinum mentaða heimi. Fáum, sem sanngirni

geta, mun heldur dylja t. að flokkadrátturinn spillir allri samvinnu oft og einatt, jafnvel í þeim efnum, sem í rauninni eru engin flokksmál. En sundurlyndið er það, sem stendur flestum þeim nállum fyrir þrifum, er á einhvern hátt snerta oss alla sem meðlini hins íslenzka þjóðflokks hér í landi. Þess vegna ættu allir að taka fegnshen'i við hverri a'varlegri tilraun, sem gerð er til þess að eyða flokkadrættinum og því óbarfa sundurlyndi, sem af honum sprettur, með öllum þess illu afleidingu.

Ei til þess að þetta geti orðið, þarf nýr hugsumarháttur að skapaðast alment á meðal vor. Menn þurfa yfirleitt að sjá betur en beir nú viðast sjá, að það er þjóðar-ósómi að nota hvert tækifæri og hverja átllu til þess að hallmæla náunganum bara vegna þess að hann hefir skoðanir, gagn trúðar manns eigin. Það ber vott um ódrengilegan hugsunarhátt að reyna ávalt að gera móttöðumanninn töftryggilegan í augum allra. Ekki heldur lýsir það neinni göfugmensku, að líta með fyrirlitningu á alt, sem ekki tilheyrir manns eigin flokki. En að þetta séu vopin, sem stundum hafa lítið bezt í flokksbaráttunni hér, getur enginn neitað, sem henni er kunnugur. Alt þetta ætti að hverfa. Klikkuskapurinn ætti að eyðileggjast, en í staðinn fyrir hann ætti að koma heilbrigð skifting manna í flokka í hverju máli, sem er eftir sannfæringu inni saman. Þegar svo að sannfæringerin ein réði flokkaskipuninni, þá mundu menn bera meiri virðingu hver fyrir annars skoðum. Því vanalega eru það mennirnir, sem enga verulega sannfæringu hafa, sem svæsnastir eru í því að óvirða skoðanir "unnara. Með heilbrigðri flokkaskiftingu mundum vér losna mikið við þann ófrið á milli flokkanna, sem hingað til hefir átt sér stað, því meiri hlutinn af honum hefir í rauninni ekki verið um skoðanirnar, heldur á yfirborðinu, sem sést bezt á því, að margir þeirra, sem minsta þekkinguna hafa á skoðununum sjálfum, hafa látið ófriðlegast. Einmitt vegna þess, að vér höfum látið smámunina sitja þarf í fyrirrúmi og höfum látið stjórnast of mikið af hleypidómum, hefir flokkastríðið ekki verið æfinlega um skoðanir, og sannfæringerin um hvað rétt sé eða rangt hefir ekki heldur ráðið í hvaða flokk menn skipuðu sér.

Allur sá flokkadráttur, sem ekki stafar beinlínis af því að menn, sem ólíkar skoðanir hafa, skiftast á eðlilegan hátt í flokka, er óhollar og líztur að standa mörgum góðum og þarflegum fyrirtækjum fyrir þrifum. Það sem aftur á móti heilbrigð flokka-skifting, sem bygð er á sannferingu þeirra einstaklinga er flokkaná myndla, er hverju málefni til upphbyggingar, því hún miðar til þess að leða í ljós það sem sannast og réttast er með samanburði ólíkra sínar ósíðanum á málefnum sjálfsu. Sá fríður, sem vér ættum að æskja eftir, er þessvegna ekki í því innifalinn að vér gerum sem minst úr ekki ósíðanum vorum, eins og virðist vera ætlun sunna þeirra, sem til sín hafa látið heyra um þetta efni, heldur að vér getum, þrátt fyrir ólíkar skoðanir, lifað í fríði hver við annan. Það eru flokkadeilurnar og óvildin, sem oft stafar af þeim, sem eiga að hverfa. Klikkuhátturinn, sem er eyðilegging á öllum sönnum manndóri, á að líða undir lok. En í stadiinn fyrir þetta eiga að koma skynsamlegar og sanngjarnar umrædur um þær skoðanir, sem vér erum ekki sammála um. Þær eiga að ræðast með stíllingu og nógum mikili virðingu fyrir öðrum og þeirra sannferingu, en ekki með óvildarlug eða þeirri þróngsýni, sem ávalt tekur fyrst tillit til flokksfylgisins. Einlægara skoðanafylgi, en minni illlellur um skoðanirnar er það, sem að vér þurfum, framar öllu öðru að kera.

G. A.



ÖRLÖG TRÚARINNAR

SAGA EFTIR

JAMES A. FROUDE

II. BRÉF.

6. september.

„Hvaða mögulega ástæðu geturðu haft á móti því, að taka vígslu?“ Það er von þú spyrjir. Eg lofaði að segja þér það,

og það skal eg enda, þótt eg viti tæpast, hvað þú kant að halda um mig á eftir. Því hvar sem eg hefi ennþá látið bæra á þeim tilfinningum, hefi eg mætt kulda og fyrirlitningu. En Árbór, yfirgefðu mig ekki líka, svo eg tapi ekki mínum elzta og einasta vini. Óttast ekki, eg hefi ekki drýgt glæp, að minsta kosti ekki það, sem eg get álitið glæp, þó það sé á ýmsra vörum.

Árbór, áður en eg get gjörst prestur, verð eg að lýsa því hátiðlega yfir, að eg trúi hiklaust öllum hinum kanónsku bókum gamla testamentisins. Og það get eg ekki. Því hvað þýðir það, að trúá þeim hiklaust? Það, að allar gjörðir, sem þar eru skráðar, sé góðar og allar kenningar sannar? Eru þá gjördar Lots eins góðar og Abrahams, og orð vina Jobs eins sönn og orð Elíasar spámanns? Eg býst við því, og að við eignum að trúá því líka, að allar bækurnar hafi verið skrifsaðar af ménntni undir innblásturs áhrifsum almáttugs guðs, vegna þess hann áleit þær góðar til uppfræðslu, að alt, sem sagt er í þeim bókum sem sannleikur, sé gullvægur sannleikur, og sálmana og spádomana hafi Heilagur Andi lesið mönnunum fyrir, um leið og þeir skrifuðu!

Eg ætla ekki að þreyta þig með öllum þeim vísindalegu, vitsmunalegu og heimspekilegu erviðleikum þessara kenninga, en þó get eg ekki sagt annað, en að eg hefi lítið eftirlæti á þessum vesalings voludu nútíðar hártogunum okkar, er við nefnum trúvarnarfræði, sem hrasar og heykist milli tveggja skoðana og svo, þegar í dauðann er komið, stingur höfðinu ofan í sandinn, svo hún skuli ekki sjá, það sem hún vill ekki sjá.

En væri það að eins skynsemi míni, sem ætti í vandræðum, gæti eg skólað til skynsemina, en öll tilvera míni rís öndverð móti slíkum kenningum. Eg get ekki, eg má ekki trúá því, að alréttlátur, almiskunsamur og algóður guð sé sú vera, sem þar er lýst og latin tala.

Hann, að hann hafi skapað menn til að falla, og lagt svo fyrir þá freustinguna, er hann vissi þeir mundu falla fyrir og síðan formælt þeim og öllum þeirra afkomendum og öllum heimi fyrir þeirra skuld; hann sé öfundsjúkur, heiftrækinn, stjórnlaus, hefnigjarn, hegni börnunum fyrir misgjörðir feðranna, freisti

mannanna, eða að minsta kosti láti freista þeirra,— Þóð ei ekki sú vera, er eg vildi kenna vesöllum manni að flyja til í þjáningum og ógæfu sinni í von og kærleika!

Og hvað segirðu! Eins og austrænn harðstjóri velur sér hjákonur, án nokkurra orsaka nemá af eigin gæþéttu, eirs kaus hann sér örlítið brot mannkynsins sem útvalda þjóð, en þess utan lét allann heiminn liggja marflatan í fávizku, djóflatíu og lýgi! Að hinir hreinhjörtruðu og sannleikselskardí Persar, er um morgun hvern og nótt útheltu sér á fjöllum uppí í eldheitri bæn til eilfðarinnar föður, biðjandi um blessun fyrir alla menn, eða þá Grikkjarnir guðum gösgu á Marafon cða í Langaskatði, eða hinir tígulegu og altsigrandi Rémerjar hafi verið útskúsaðir sem fordæmdir djöfladýrkendur,— en fávis ofstakislýður svo grimmur, að hann bryjáði niður börn og konur með blóðugum sverðum, þessir einir hafi verið hinir sönnu drottins þjóðnar, svo mjög að guð skipaði þeim alla þessa hluti, gladdist yfir grimdar æði þeirra og taldi það sér til lofs og dýrðar, stöðvaði rás himinhnattanna, þjóð sinni til hjálpar við morðverkin. Og hvers vegna voru svo morðin? Stundum fyrir afbrot drýgd fimm hundruð árum áður, stundum að saklausu. En í fimm hundruð ár var ein kynslóðin látin taka við af annari, án þess að nokkur frelsun byðist þeim, því Ísrael hafði einokun á guði. Það gagnar lítið að segja, að þetta væru einstakar sérskildar skipanir. Þjóðin, sem fékk þær, áleit þær ekki sérstakar. Og til hvers er þá opinberunin, ef hún er að eins skrá yfir gjörðir, — ekki sem við eignum— heldur sem við eignum ekki að gjöra?— Nei, Árþór, þetta er ekki guð, þetta er djöfull. Og sannarlega er þetta ekki trú þeirra manna, er tilbiðja Föður mannanna, — heldur áhangenda guðs, er var einn af ótal mörgum— guð meðal guða líkt og Baal — guð Ísraelsmanna. Og ekki get eg trú að því, að þræta og öfund himnakonunganna sé jöfnuð og útkljáð með sverðum jarðarbúa. Nei. Kenni það hver sem vill. En mætti eg að eins trúá því, að Gyðingar hefði verið svipaðir öðrum mönnum að öllu öðru leyti en því, að hugmyndir þeirra voru frábrugðnar, og þeir trúðu sjálfir, að þeir væri útvaldir, þá væri öðru máli að gegna. Þeir yfrunnu Kanaan með valdi,

Og það var eðlilegt, að þeir eða afkomendur þeirra héldi, að guð hefði gefið þeim landið. Það getum vér skilið. En að hinn óumbreytanlegi guð hafi með afskiftum sínum hjálpað til að fremja þau verk, er ofbýður mannlegum tilfinningum að lesa um.— Fyr kysi eg glötunina, en að falla niður fyrir þeirri veru, þótt vald hefði til að fordæma mig og svista lífi, en hjarta mitt fyrirliti.

Það er sami þráðurinn, sem gengur í gegnum alla Ísraels-sögu að örfáum undantekningum fráskildum,— en til lítils að telja þær megin málid. Má vel vera að Davíð hafi verið maður eftir guðs hjarta, hafi Ísrael verið hans útvaldi lýður. Og vissulega voru hinir hamtryltu ofstækismenn, er réðu fyrir síðustu stríðum Júðalands, synir feðranna, er sundurmolodu Amalek. Davíð sjálfur með sínu villimanns æði og ofsatru var þjóðarinnar sanna ímynd. Hver gæti trúað því, að sá sem ritaði 19ánda sálminn gæti óskað að fá að væta öll sín fótumál í bléði óvin-anna?— En við lesum bíblíuna hver með sínum augum. Það, sem mér finnst fegurst í öllum þeim frásögum er hinn gullni þráður mannlegra tilfinninga, er hér og hvar kemta í ljós innan um hryðjuverkin og hrópa um réttlæti,— meðaumkunin, er óvart kemur fram gagnvart þeim auðnulausa frekar en þeim velþóknanlega. Hverjir eru þeir, er helzt vekja okkur tár í auga? Er það ekki vesalings móðirin, er leggur frá sér barnið sitt, svo hún þurfi ekki að horfa á það deyja, eða hinn svikni Esaú, eða hinn fallni Sál konungur, eða dóttir Áiaks, er sat yfir myrtum líkónum barna sinna, eða hinn réttarsnauði maður, er grátandi fylgdi konu sinni eftir alla leið, sem þrælar Davíðs drógu í kvennabúrið?

En svo er enn þá annað, er ekki finnst í G. t., en er kent í því Nýja, er eg yrði einnig að segjast trúa, og það er kenningaratriði en ekki saga,— kenning svo viðbjóðsleg, að hún hefir að eins getað orðið til, þegar menn trúðu því, að djöfullinn réði hálfum ríkjum við guð. Eg á við það,— að stærsti hluti alls mannkynsins— fólkis, sem heima á alt í kringum okkur, með sömu tilfinningum og við, sem eru okkar samverkamenn, okkar daglegu félagsbræður— fólkis, sem við setjumst til borðs

með, heilsum á götunni, sem er tengt okkur á óteljandi vegu, með sameiginlegri velferð, samlíðan, atvinnumálum,— að þetta fólk verði sínt um aldur og ævi í óútmálanlegum kvölum.

Og guð minn góður! Vegna hvers? Þeim er kastað út í heiminn, í loftslag þrungið af freistungum, með óþroskaðan skilning og ófullkomna sál, svo ekki verður hjá því komist, að þeir stígi glapstig í þúsundatali, en við hveit þeirra safna hefnd yfir höfuð sér, safna yfir sig þeirri hegningu svo veðalegri, að okkur hryllir við í hvert skifti, er við hugsum til þess; og þetta alt saman eftir ráðstöfun guðs,— kærleikans og miskunsendanna guðs.— Og guð vissi alt fyrir, og ekki eingöngu vissi alt, heldur líka ákvað alt, hann úthlutaði okkur eðli okkar, og setti okkur þar sem honum þóknaðist! „Hvað gat eg gjört meira að víngarði mínum er eg ekki hefi gjört?” Ef almættid gat ekki ræktað þar annað en villiprúgur, til hvers þá að vera að planta víngarðinn? Ekki baðst hann þess. Til hvers að setja menn hér um fárra ára dvöl, fulla kvalar og hörmunga, fyrst um ekkert var að velja nema falla og svo að verða kastað í helvítis eld um aldir alda?

Eg veit það ekki, það er kannske af einhverri meðfæddri spillingu hjá mér, en mér findist, og eg skyldi halda, að öllum er mannlegt hjarta bæri í brjósti findist það líka, að ef þeir vissi einni einstu skepnu í þeim aegilega stað, þá væri það nóg til þess að breyta himnaríki í helvítí!..... [Framh.]

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gisli Jónsson, 582 Sargent Ave.